



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 9. júlí 2019

### **Samantekt á framkvæmdum vegna undirbúnings Hvalárvirkjunar 2019-2020.**

Vísað er til tveggja umsókna VesturVerks ehf um framkvæmdaleyfi, sem Árneshreppur veitti fyrirtækinu 21. júní og 1. júlí s.l. til undirbúnings rannsókna vegna virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði á Ströndum. Í umsóknunum er gerð grein fyrir þeim framkvæmdum sem ætlunin er að ráðast í á yfirstandandi sumri og því næsta.

Í upphaflegum áætlunum hafði VesturVerk gert ráð fyrir að ljúka öllum rannsóknum vegna Hvalárvirkjunar eigi síðar en sumarið 2019. Rannsóknirnar felast í því að taka kjarnasýni úr jarðgangaleiðum og stöðvarhússhelli ásamt sýnum úr stíflustæðum. Einnig var ráðgert að kanna betur laus jarðefni á virkjunarsvæðinu. Þessar áætlanir hafa raskast verulega vegna ítrekaðra tafa í leyfisumsóknarferli verkefnisins, einkum síðustu misseri. Ljóst er að úr þessu verður ekki hægt að hefjast handa við kjarnaboranir fyrr en sumarið 2020 þar sem glugginn til undirbúnings fyrir rannsóknirnar á yfirstandandi sumri er svo lítill vegna veðurfarslegra aðstæðna á svæðinu.

Til að mögulegt sé að koma tækjum til rannsókna á rannsóknarsvæðið, einkum kjarnabor, ásamt nauðsynlegum aðföngum á borð við borstangir, dælur, eldsneyti og vinnubúðir þarf að leggja í lagfæringar á Ófeigsfjarðarvegi frá Melum í Ingólfsfirði að Hvalá í Ófeigsfirði. Hefur VesturVerk samið til fimm ára við Vegagerðina um yfirtöku á veghaldi Ófeigsfjarðarvegar í því augnamiði að lagfæra veginn. Í dag er vegurinn ófær til flutninga fyrir dráttarbíla og illfær öðrum farartækjum en jeppum.

Vegna ofanefndra tafa og því að afgreiðsla Skipulagsstofnunar á breyttu deiliskipulagi Árneshrepps dróst fram úr öllu hófi í vor hefur það í för með sér að breyta verður rannsóknaráætlunum. Einnig hafa þær kærur sem nú eru fram komnar sett verulegt strik í reikninginn og valdið enn meiri seinkunum og fjárhagslegu tjóni fyrir VesturVerk.

Ný og breytt áætlun VesturVerks, sem byggir á áðurnefndum framkvæmaleyfum útgefnum af Árneshreppi ásamt rannsóknarleyfi frá Orkustofnun, er sem hér segir:

#### Sumarið 2019


- Viðhald á Þjóðvegi 649, Ófeigsfjarðarvegur að Hvalá í Ófeigsfirði. Viðhaldið byggir á samningi við Vegagerðina og felst í lágmarksframkvæmdum til að hægt sé að koma bor og vinnubúðum að Hvalá.
- Brúarsmiði. Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir vinnubúðum norðan Hvalár og því er þörf á að brúa Hvalá. Brúin er á deiliskipulagi. Von er á stálgrindarbrú til landsins frá Bretlandi um mánaðamótin ágúst/september næstkomandi.
- Vegagerð að og frá brú. Leggja þarf veg að brú yfir Hvalá og síðan frá brú að plani fyrir vinnubúðir í ca. 900m fjarlægð.
- Plan undir vinnubúðir. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir vinnubúðum norðan Hvalár og verður gengið frá plani undir búðirnar í sumar.

Ráðgert er að ljúka framkvæmdum sumarsins 2019 fyrir lok september.

#### Sumarið 2020

- Uppsetning vinnubúða norðan Hvalár.
- Slóðagerð í væntanlegu framtíðarvegstæði í Ófeigsfirði svo hægt sé að koma bor og nauðsynlegum aðföngum upp á Ófeigsfjarðarheiði.
- Borun í jarðgangaleiðir og stíflustæði.
- Rannsóknir á lausum jarðefnum.

Ráðgert er að ljúka rannsóknum og öðrum framkvæmdum sumarsins 2020 fyrir lok september.



Virðingarfyllst,  
Gunnar G. Magnússon,  
framkvæmdastjóri

## Félags – og skólajónusta RANGÁRVALLA- OG VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

### Skólajónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, Hvolsvelli, auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar:

**Stöðu forstöðumanns skólajónustunnar** sem auk stjórnunar stofnuna innar, sinnir einnig að huta sérkennsluráðgjöf í grunnskólum á svæðinu. Krafist er menntunar í sérkennsluráðgjöf auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynsla á sviði kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Menntun og reynsla á sviði stjórnunar og kennsluráðgjafa í grunnskólum er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námsferlið eða nemenda á því skoastigi. Um er að ræða 100% starf.

**Stöðu kennsluráðgjafa** í grunnskólum. Leið er að ráðgjafa í sérkennslu og almennri kennslu. Krafist er menntunar á sviði sérkennslu auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynsla af kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Reynsla af kennsluráðgjöf er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námsferlið eða nemenda í grunnskólum. Um er að ræða 50 - 100% starf.

Skólajónustan veitir tíu leik- og grunnskóla um á svæðinu lögbundna sérfræðisjónustu. Við stofnunina starfar öflug líðsheilid sérfræðinga sem samanstendur af forstöðumanni, kennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi. Sérfræðingar skólajónustunnar eiga í nánun og góðu samstarfi við starfsfólk félagsjónustunnar með heldrarhagsmun barna og unglinga að leiðarljósi.

Leið er að ánugasömum og jákvæðum einstaklingum sem búa yfir alþrágöðunni samskiptahæfni, sjálfstæði og vinnubrögðum og sveigjanleika og frumkvæði í starfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastofnafélags Íslands vegna starfsmanna á skólaskrifstofum.

**Umsóknarfrestur er til 15. júlí nk.**, en viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrám berist á netfangið skolamal@skolamal.is**, eða í pósti á Skólajónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Edda G. Antonsdóttir forstöðumanns, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli

**Nánari upplýsingar veita** Edda í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 862 7522 og Lija Einarsdóttir formaður stjórnar Bygðasamlags um félags- og skólajónustu í netfanginu lija@hvolsvollar.is eða í síma 863 8282

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



Ráðningar.is  
Sérfræðingar.is

# FAST

Ráðningar

Sérfræðingar.is

## Raðauglýsingar

www.arneshreppur.is

### Uppboð

Einnig birt á [www.neudungeraolur.is](http://www.neudungeraolur.is)

**Fremhald uppboða á eftirfarandi eignum verður hæð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Arnarí Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 219-2305, þingl. eigi. Steinn Sveinsson, gerðarbeiði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, mál nr. 13/19.

Telchólan Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 219-2649, þingl. eigi. Steinn Sveinsson, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, gerðarbeiði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, mál nr. 13/19.

Karalangi Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 219-2738, þingl. eigi. Bjarni Rusan, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, gerðarbeiði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, mál nr. 13/19.

Lambafelli Landi Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, 219-2837, þingl. eigi. Þorsteinn Hjálmason og Ólafur Björnsson, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, gerðarbeiði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, mál nr. 13/19.

Sýs umsóknir á Suðurlandi  
28. júní 2019

### Tilkynningar



Árneshreppur

### Framkvæmdaleyfi

fyrir gerð vinnuvega og efnistöku vegna rannsóknna fyrir Hvalárvirkjun

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. júní sl. umsókn VesturVerks ehf. dags. 4. júní 2019, um framkvæmdaleyfi fyrir gerð vinnuvega og efnistöku vegna rannsóknna fyrir Hvalárvirkjun. Um er að ræða 14 km<sup>2</sup> framkvæmdasvæði sem tekur aðeins til svæðis umhverfis starfsmannabúðir, vinnuvegi og efnistökusvæði. Reiknað er með þremur nýjum efnistökusvæðum í tengslum við gerð rannsóknarvega, eitt uppi á Ófeigsfjarðarheiði og tvo á laglendi í og við Hvala. Meginefnistökusvæðið verður við Hvalarösa. Tryggt verður að vinnuvegir raski ekki vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi og vistkerfum eða jarðminjum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010, s.br. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er fyrir liggjandi álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 3. apríl 2017, ásamt matskýrslu framkvæmdaradila, dags. 17. nóvember 2016.

Framkvæmdin er að mati hreppsnefndar í samræmi við aðalskipulag Árneshrepps 2005 – 2025 og deiliskipulag Hvalárvirkjunar v/rannsóknna og álit Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar er að matskýrsla VesturVerks uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Vakin er athygli á því að ákvörðun hreppsnefndar um veitingu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Skulagötu 21, 101 Reykjavík, s.br. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu þessarar auglýsingar um leyfið, s.br. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Umsókn um framkvæmdaleyfi og fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Árneshrepps. [www.arneshreppur.is](http://www.arneshreppur.is).

Morgunblaðið

ASKRIFTASÍMI

569 1100

 **Prenta út síðu**

Útgáfudagur 26 júní 2019

## **Auglýsing um framkvæmdaleyfi – Árneshreppur**

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. júní sl. umsókn VesturVerks ehf. dags. 4. júní 2019, um framkvæmdaleyfi fyrir gerð vinnuvega og efnistöku vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Um er að ræða 14 km<sup>2</sup> framkvæmdasvæði sem tekur aðeins til svæðis umhverfis starfsmannabúðir, vinnuvegi og efnistökusvæði. Leyfið er veitt með vísan í 13. og 14. grein skipulagslaga nr. 123/2010, s.br. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Umrædd framkvæmd er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er fyrirbyggjandi álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 3. apríl 2017, ásamt matskýrslu framkvæmdaraðila, dags. 17. nóvember 2016. Framkvæmdin er að mati hreppsnefndar í samræmi við aðalskipulag Árneshrepps 2005 - 2025 og deiliskipulag Hvalárvirkjunar v/rannsókna og álit Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar er að matskýrsla VesturVerks uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Vakin er athygli á því að ákvörðun sveitarstjórnar um veitingu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, s.br. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu þessarar auglýsingar um leyfið, s.br. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umsókn um framkvæmdaleyfi og fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Árneshrepps, [www.arneshreppur.is](http://www.arneshreppur.is).

**Þóroddur Már Sigfússon** skipulagsfulltrúi.

(2019011786A)